

GJALDSKRÁ
fyrir sorphirðu- og sorpeyðingargjöld í Skaftárhreppi.

1.gr.

Sveitarstjórn skal innheimta gjald fyrir alla meðhöndlun úrgangs í samræmi við 2. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs.
Sorphirða fer fram samkvæmt dagatali sorphirðu ár hvert.

2. gr.

Sorpgjald einstaklingar:
Gjaldið miðast við stærð og tegund íláta og fjölda tæminga. Húsráðendum s.s. húseigendum og öðrum umráðamönnum húsnæðis er skylt að nota þær aðferðir og þau ílát við geymslu og meðferð úrgangs sem sveitarstjórn ákveður hverju sinni.

3. gr.

Á hverja íbúð, lögbýli, íbúðarhús greiðist sorphirðugjald sem ræðst af stærð og fjölda íláta.

<i>Blandaður úrgangur:</i>	<i>120l.</i>	<i>240l.</i>	<i>660l.</i>
Sorpgjald:	32.500 kr.	44.000 kr.	105.000 kr.
<i>Plast úrgangur:</i>		<i>240l.</i>	<i>660l.</i>
Sorpgjald:		16.500 kr.	49.000 kr.
<i>Pappírs og pappa úrgangur:</i>		<i>240l.</i>	<i>660l.</i>
Sorpgjald:		12.000 kr.	36.500 kr.
<i>Lífrænn úrgangur:</i>	<i>120l. .</i>		
Sorpgjald:	39.000 kr.		

Sumarhús, íbúð, íbúðarhús þar sem ekki er lögheimilisfesta:

Sorpgjald : kr. 32.000

Sorpgjald fyrirtækja:

Fyrirtæki, stofnanir og aðrir lögaðilar greiða sorphirðugjald samkvæmt áætlun um kostnað við sorphirðu frá þeim.

<i>Blandaður úrgangur:</i>	<i>120l.</i>	<i>240l.</i>	<i>660l.</i>
Sorpgjald:	39.000 kr.	52.800 kr.	126.000 kr.
<i>Plast úrgangur:</i>		<i>240l.</i>	<i>660l.</i>
Sorpgjald:		19.800 kr.	58.800 kr.
<i>Pappírs og pappa úrgangur:</i>		<i>240l.</i>	<i>660l.</i>
Sorpgjald:		14.400 kr.	43.800 kr.
<i>Lífrænn úrgangur:</i>	<i>120l. .</i>		
Sorpgjald:	46.800 kr.		

4.gr.

Móttökugjöld á móttökustöð sveitarfélagsins á Kirkjubæjarklaustri eru eftirfarandi:

Komugjöld:

Komugjöld á gámaplan 2.000 pr/ferð

Almennur úrgangur og grófur úrgangur:

Blandaður úrgangur	20.625 kr/m ³
Blandaður grófur úrgangur	20.625 kr/m ³
Timbur	22.580 kr/m ³
Glerumbúðir	11.706 kr/m ³
Plast blandað	2.948 kr/m ³
Pappír og pappi blandað	2.948 kr/m ³
Gler og óvirkur úrgangur(múrbrot, gips ofl.)	8.489 kr/m ³
Garðaúrgangur	3.981 kr/m ³
Grófur plastúrgangur (fiskikör o.þ.h.)	36.290 kr/m ³
Frauðplast	4.839 kr/m ³
Heyrúlluplast (óendurvinnanlegt)	18.206 kr/m ³
Afsetning spilliefni blandað	150 kr/kg
Sóttmengaður úrgangur	242 kr/kg
Málmur, brotamálmur	Gjaldfrjálst
Málmumbúðir	Gjaldfrjálst
Hjólbarðar	Gjaldfrjálst
Raf- og rafeindatæki blandað	Gjaldfrjálst
Heyrúlluplast endurvinnanlegt	Gjaldfrjálst

Ýmislegt:

Matarolía	55 kr/l
Olímengaður úrgangur (olía, olíusíur, plast olíubrusar)	242 kr/kg

Lífrænt efni beint til jarðgerðar:

Lífrænn heimilisúrgangur	40 kr/kg
--------------------------	----------

Raftæki og spilliefni:

Kælitæki	Gjaldfrjálst
Lítil raftæki	Gjaldfrjálst
Ljósaperur	Gjaldfrjálst
Rafgeymar	Gjaldfrjálst
Skjáir	Gjaldfrjálst
Stór raftæki	Gjaldfrjálst
Tölvur, prentarar og símar	Gjaldfrjálst
Rafhlöður	Gjaldfrjálst

Rekstraraðilar:

Þeir greiða fyrir móttöku alls úrgangs, samkvæmt vigt/rúmmáli, að undanskildum þeim úrgangsflokkum sem bera úrvinnslu- eða skilagjald

Almenningur:

Allir sem greiða sorpgjald eða sorpeyðingargjald fá árlega rafrænt klippikort sem inniheldur losun á 4 m³ af gjaldskyldum úrgangi og gildir út árið. Til að komast inn á móttökustöðvar þurfa notendur að sýna klippikort. Einungis er klippt fyrir gjaldskyldan úrgang en ekki þegar tekið er á móti ógjaldskyldum úrgangi. Tilgangur klippikortsins er að flokkun verði markvissari og að kostnaður verði greiddur af þeim sem stofna til hans. Kortið veitir aðgang að svæðinu og því er nauðsynlegt að hafa klippikortið meðferðis þegar farið er á gámasvæðið hvort sem um gjaldskyldan eða ógjaldskyldan úrgang er að ræða. Hvert klipp er upp á 0,25 m³ sem samsvarar 240 lítra heimilistunnu

5. gr.

Til tryggingar á greiðslu skv. gjaldskrá um sorphirðu og sorpeyðingargjöld í Skaftárhreppi er lögveðsréttur í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga. Öll verð í gjaldskránni eru án virðisaukaskatt.

6.gr.

Allar fjárhæðir skv. 3. og 4. gr. þessarar gjaldskrár taka breytingum 1. janúar ár hvert miðað við Launavísitölu að háflu (50%), m.v. grunnvísitölu janúar 2024 og að hálfu (50%), m.v. vísitölu NVT 072 Rekstur ökutækja m.v. grunnvísitölu í janúar 2024.

Gjaldskráin tekur fyrst breytingum í janúar 2025.

7. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af sveitarstjórn Skaftárhrepps 30. nóvember 2023. Gjaldskráin er sett með heimild í 10. gr. samþykktar nr. 325/2024 um meðhöndlun úrgangs í Skaftárhreppi og samkvæmt ákvæðum 23. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, og 5. mgr. 59. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Gjaldskráin öðlast gildi 1. janúar 2024 og fellur þá gjaldskrá sama efnis nr. 950/2021 úr gildi.

Skaftárhreppi, 1. mars 2024.


Sveitarstjóri, Einar Kristján Jónsson

